

Nd.

353. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. febr.)

1. gr.

Síðari málsgr. 4. gr. falli niður.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfs verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfis-hafa eða firma, heimilisfang, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var út gefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef hann telur, að stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi umsækjanda sé annars svo háttáð, að varhugavert sé að leyfa hana. Getur ráðherra synjað um veitingu leyfis eða sett leyfinu sérstök skilyrði, ef ástæða er til að hans dómi. Skal réttur til verzlunarleyfis samkvæmt 4. og 5. gr. vera háður þeim takmörkunum, sem hér voru greindar.

Verzlunarleyfi gildir í 5 ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfis-hafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 4. gr. og ákvæðum 5. gr., enda standi sérstaklega á.

Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslensk lög.

3. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt heildverzlun eða umboðsverzlun leyfi til tilboðasöfnunar, sbr. 4. málsgr. 9. gr., þó að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.